

Þingfundargerð 24. Þings Keilusambands Íslands

22. maí 2017 í Brekkubæjarskóla

Akranesi.

1. Þingsetning.

Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður KLÍ setti þingið kl. 18:10. Mínútu þögn var til minningar um þá keilara sem féllu frá á tímabilinu.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Ásgrímur Helgi Einarsson tilnefndi Hafstein Pálsson sem þingforseta í 21. skipti og Valgeir Guðbjartsson sem þingritara og voru þeir samþykktir samhljóða. Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins, en svo var ekki.

3. Kosnar fastanefndir.

Ekki lágu fyrir tillögur um fulltrúa í nefndir, og komu uppástungur úr sal um fulltrúa.

a) Kjörbréfanefnd:

Hafdís Pála Jónasdóttir
Einar H. Árnason
Hörður Ingi Jóhannsson

b) Fjárhagsnefnd:

Sigríður Klemensdóttir
Sesselja Unnur Vilhjálmisdóttir
Bjarni Páll Jakobsson
Sigrún Guðmundsdóttir

c) Laga- og leikreglanefnd:

Hafþór Harðarson
Stefán Claessen
Gústaf Smári Björnsson
Guðmundur Sigurðsson
Bragi Már Bragason

d) Allsherjarnefnd:

Hörður Ingi Jóhannsson
Sigurður Þ. Guðmundsson
Theódóra Ólafsdóttir
Magnús Reynisson

e) Kjörnefnd:

Svanhildur Ólafsdóttir
Karen Hilmarsdóttir
Höskuldur Höskuldsson

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Ásgrímur Helgi fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrsla yfir starfsemi KLÍ á síðasta ári liggur fyrir, en stiklaði ÁHE á stóru; breytingar voru á starfsmannahaldi KLÍ, PMP var ráðinn sem framkvæmdastjóri í hlutastarfi, og TÓ sem afreksstjóri í hlutastarfi. Klárað var að endurskoða afreksstefnu KLÍ, hún lögð fyrir formannafund og liggur fyrir þinginu. Astöðumálin hafa verið í brennidepli, búið er að loka eina keilusalnum sem var á Akureyri, Akurnesingar hafa vilrði fyrir nýrri aðstöðu en ekki ljóst hvenær, í Reykjavík er eini salurinn sem er í notkun fullsetinn og hefur íþróttin orðið að víkja fyrir afþreyingunni, von er að viðkomandi sveitarfélög komi til aðstoðar við að hlúa að keppniskeilunni. Mörg landsliðsverkefni hafa verið undanfarið og standa einnig fyrir dyrum.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Sesselja Unnur Vilhjálmisdóttir, gjaldkeri KLÍ fór yfir ársreikningana. Rekstur KLÍ gekk vel á síðasta ári og tekjur urðu alls um 50,5 milljónir en gjöld um 47 milljónir, hagnaður ársins var um 3,3 milljón. Eigið fé er orðið um 14,4 milljónir.

Þingforseti gaf orðið laust um reikningana: Spurning frá Sigríði Klemensdóttur: Afhverju hækkar útbreiðslukostnaður svona á milli ára? Svar: Sjóvarpsútsending vegna EM unglunga er færð sem útbreiðsla.

Þingforseti bar nú ársreikninga KLÍ til samþykktar, þeir voru samþykktir samhljóða.

Þingforseti gaf nú gestum orðið:

Ólafur Adolfsson, formaður Bæjarráðs Akraness, tók til máls og bauð alla þinggesti velkomna á Akranes, vildi árétta það sem væri í umræðunni á Akranesi: Stendur til að reisa nýtt frístundahús/golfskála þar er teiknaður 8 brauta keilusalur, sem kemur í 2 fasa byggingarinnar, en bygging er ekki hafin og ekki vitað hvenær hefst, verið að vinna í fjármögnun.

Hafsteinn Pálsson, bar kveðjur frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSÍ – þakkar samstarf á liðnu ári og vonast eftir jafngóðu samstarfi áfram. Miklar breytingar á síðasta íþróttþingi, miklar breytingar á afrekssjóð og mikil vinna við þau mál, sem var hægt að klára með víðtækri sátt. Minnst á samstarf íþróttahreyfingarinnar við Íslenska Getspá og hvað Getspá er mikilvæg fyrir hreyfinguna og nauðsyn þess að standa á bak við þá, gífurleg samkeppni við félög sem eru á netinu, með staðsetingu á aflandseyjum og annarsstaðar þar sem tekjur þeirra skila engu inn í íslenskt samfélag. Þess ber að geta að fyrir t.d. sérsamband eins og KLÍ þá eru tekjur sem koma beint og óbeint frá Getspá um 4-5 milljónir sem skipta svona sérsamband öllu máli. Smáþjóðaleikar eru framundan sem á olympíu dagar æskunnar, alþjóðlegum verkefnum hefur fjölgað og eykur kostnað.

Hildur Karen framkv.stjóri ÍA:

Kveðjur frá ÍA, bjóst ekki við að neinn vissi það að hún hefði mætt á keiluæfingu fyrir mörgum árum í Reykjavík, en það var bara einu sinni! Guðmundur og Nína ásamt

félögum í Keilufélagi Akraness hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf sem eftir er tekið á Akranesi og þó víðar væri leitað, gaman að fá Keilubing á Akranes.

6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

SUV, gjaldkeri KLÍ fór yfir fjárhagsáætlunina. Áætlaðar tekjur umfram gjöld í endurmetinni áætlun fyrir 2017 fer úr 64 þús í um 25 þús í hagnað og áætlun fyrir 2018 gerir ráð fyrir um 35 þús kr. hagnaði. Þingforseti leggur til að vísa þessari áætlun til fjárhagsnefndar sem þingskjali 5.

Nú gaf þingforseti formanni kjörbréfanefndar Herði Inga Jóhannssyni orðið: mættir voru 26 fulltrúar; 10 fulltrúar frá Keildudeild ÍR, 7 fulltrúar frá KFR, 5 fulltrúar frá Keilufélagi Akraness, 1 fulltrúi frá ÍA, 3 fulltrúar frá Keiludeild KR. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Þingforseti kallaði eftir hvort borist hefðu laga- og leikreglna breytingar, Theódóra Ólafsdóttir gerði grein fyrir Afreksstefnu Sambandsins, og Ásgrímur fyrir 3 tillögum sem lágu fyrir:

- a) Afreksstefna Keilusambands Íslands – Þingskjal 1 – vísað til Alsherjarnefndar.
- b) Breytingar á reglugerð um Íslandsmót liða breyting á 2. 9. og 18. Gr. – þingskjal 2.
- c) Breytingar á reglugerð um Venstasamning liða 6 gr. – þingskjal 3.
- d) Breytingar á reglugerð um Aganefnd – þingskjal 4 – Stjórn dregur þessa breytingu til baka og verður unnin frekar í sumar og lögð fyrir formannafund í haust.

Tillögum samkv. b og c vísað til laga- og leikreglnanefndar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar.

Engar tillögur höfðu borist.

Þinghlé og nefndarstörf hófust kl. 18:55 og stóðu til 19:50 í þinghléi voru bornar fram góðar veitingar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum.

Talsmaður Allsherjarnefndar – Theódóra Ólafsdóttir – leggur fram þingskjal 5, óbreytt, og leggur til við þingheim að Afreksstefna KLÍ verði samþykkt. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Talsmaður Laga og leikreglnanefndar – Bragi Már Bragason – lagði fram þingskjal 2, og leggur nefndin til að þingskjalið taki eftirfarandi breytingum: 2. Gr. Nefndin leggur til að hún verði óbreytt frá því sem var áður en beinir jafnframt til stjórnar KLÍ að vinna í dómaramálum í sumar og komi með nýja tillögu fyrir formannafund í haust; tillaga nefndar samþykkt samhljóða. 9 gr. Nefndin leggur til að breytingin verði samþykkt óbreytt, en beinir jafnframt til stjórnar að kynna verði gjaldskrá KLÍ eða breytingar á henni fyrir hvert tímabil; tillaga samþykkt samhljóða. 18 gr. Nefnd

leggur til að breyting verði samþykkt óbreytt; samþykkt samhljóma. Þingforseti leggur þingskjal með áorðnum breytingum til atkvæðagreiðslu, samþykkt samhljóða, eftir þessa breytingu þá er 2, 9 og 18 grein í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða sem hér segir:

2. grein

Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan vébanda KLÍ. Félag skulu tilkynna þátttöku liða í Íslandsmótið eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum (Þáttökutilkynning), og eru þau jafnframt ábyrg fyrir greiðslu þáttökugjalds.

9. grein

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir til leiks samkvæmt gjaldskrá KLÍ. Við þriðja brot verði liðinu vísað frá keppni og sektað samkvæmt gjaldskrá KLÍ. Önnur viðurlög er samkvæmt 18. grein.

18. grein

Lið dregur sig úr, er vísað úr eða hættir keppni

Dragi lið sig úr keppni á tímabilinu 15. maí til 31. júlí greiðir félagið sekt samkvæmt gjaldskrá KLÍ. Dragi lið sig úr keppni frá 1. ágúst til upphafs keppnistímabilsins greiðir félagið fullt þáttökugjald. Ef lið dregur sig úr keppni eftir að keppnistímabilið er hafið greiðir félag liðsins sekt samkvæmt gjaldskrá KLÍ. Þá eru stig þess og skor þurrkuð út. Mótherjar sem eiga leiki gegn liðinu sem vísar er úr keppni þurfa að spila sína leiki á áður auglýstum leiktíma þó svo að mótherjanum hafi verið vísað úr keppni.

Liðið fer í leikbann það sem eftir er keppnistímabilsins og ef liðið hefur keppni aftur keppnistímabilið á eftir skal það byrja í neðstu deild.

Það lið sem dregur sig úr keppni endar neðst í viðkomandi deild.

Talsmaður Laga- og leikreglanefndar – Bragi Már Bragason – leggur fram þingskjal 3 – og leggur nefndin til að breyting á 6 grein verði samþykkt; þing samykkir tillögu nefndar með þorra athvæða gegn einu. Nefndir leggur einnig til að breyting á 5 grein verði samþykkt; samþykkt samhljóma.

Síðan bar þingforseti reglugerðina; Reglugerð KLÍ um Venslasamninga liða – með áorðnum breytingum og samþykkt með þorra athvæða gegn einu.

Eftir þessar breytingar þá eru 5 og 6 grein sem hér segir:

5. grein

Venslasamningur gildir í Íslandsmóti liða skv. eftirtöldum ákvæðum.

- a) Allir löglegir leikmenn liða A og V heyra undir venstrasamninginn og hafa rétt á að færast á milli liðanna, að því undanskildu að leikjahæsti leikmaður hvort sem hann er skráður í lið A eða V, sem er leikjahæstur með liði A, má ekki leika með liði V. Komi fleiri en einn leikmaður til greina skal nota hærra meðaltal til ákvörðunar um hver ekki megi leika með liði V. Ef leikmaður hefur ekki leikið í þrjár leikvikur eða meira, en er samt leikja- eða meðaltalshæstur liðs A skv. fyrrnefndu, má hann leika eina umferð með liði V í þeirri leikviku þegar hann hefur leik í deildarkeppni KLÍ aftur.
- b) Leikmaður má ekki spila með báðum liðum í sömu leikviku í deildarkeppni. Leikvika hefst á laugardegi og lýkur á föstudagi. Sjá nánar í leikjatöflu á heimasíðu KLÍ.
- c) Leikmaður á rétt á einstaklingsverðlaunum í þeirri deild þar sem hann hefur leikið fleiri leiki, að uppfylltum öðrum skilyrðum um verðlaun í deildum.
- d) Verði leikmaður uppvís að því að brjóta ofangreindar reglur dæmist skor hans að engu, og leikur þess liðs sem hann lék með síðar í leikvikunni telst því liði tapaður með fullu húsi stiga.

6. grein

Venstrasamningur gildir í Bikarkeppni liða skv. eftirtöldum ákvæðum.

- a) Leikmaður getur aðeins leikið í Bikarkeppni liða með því liði sem hann leikur með fyrr á hverju tímabili.
- b) Leikmaður sem er á leikskýrslu síns liðs án þess að kasta í viðkomandi viðureign telst engu að síður hafa tekið þátt í viðkomandi viðureign.

Talsmaður Fjárhagsnefndar – Sigríður Klemensdóttir; fjallaði um fjárhagsáætlun sem var lögð fram sem þingskjal 5. Nefnd leggur til að áætlun verði samþykkt óbreytt. Þingforseti tekur til athvæðagreiðslu – fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Endurmetin áætlun 2016 gerir ráð fyrir hagnaði uppá 1351 þúsund og áætlun 2017 gerir ráð fyrir 64 þús. kr. hagnaði.

10. Önnur mál.

Ásgrímur H. Einarsson formaður KLÍ tók til máls, og ræddi um að hann vildi afhenda heiðursviðurkenningar KLÍ:

Afreksmerki KLÍ: afhending 4 merkja sem hér segir, en enginn af viðkomandi var viðstaddur:

Elín Óskarsdóttir KFR
Halldór Ragnar Halldórsson ÍR
Ásgeir Þór Þórðarson ÍR
Sigfríður Sigurðardóttir KFR

Silfurmerki KLÍ hlutu eftirfarandi – 3 þeirra voru viðstaddir:

Andrés Haukur Hreinsson ÍR
Einar Jóel Ingólfsson ÍA

Jóhann Ágúst Jóhannsson ÍR
Bragi Már Bragason KR
Höskuldur Þór Höskuldsson KR

Gullmerki KLÍ hlutu eftirfarandi – 3 þeirra voru viðstaddir:

Þórarinn Már Þorbjörnsson ÍR
Þórhallur Hálfðánarson ÍR
Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir KFR
Theódóra Ólafsdóttir KFR

Sigríður Klemensdóttir, tók til máls og fagnaði því að væri að koma ný heimasíða KLÍ hvetur formenn nefnda og stjórn að birta fréttir frá mótum og uppfæra efni.

Ásgrímur Helgi Einarsson; Ný síða kemur upp í sumar og þá á ekki að vera nein afsökun ef fréttir koma inn, þakkaði Þórhalli og Vilhjálmi Valgeirssyni fyrir þann mikla tíma sem þeir eru búnir að eyða í núverandi breytingar og lýsti því yfir að þetta væri grettistak sem væri verið að ráðast í við þessar breytingar.

Jónína Magnúsdóttir; tók undir með Sigríði og minnti á hvað það væri mikilvægt að allar upplýsingar séu uppfærðar á KLÍ síðunni, þetta væri uppspretta upplýsinga sem félögin leituðu í þegar þau væru að gera skýrslur um starfsemi sína.

Ásgrímur Helgi Einarsson; nú er verið að kjósa í stjórn en í sumar þarf að skipa í nefndir og þá væri svo mikilvægt að félögin leggi til fólk í starfið/til að setjast í nefndir því að því fleiri sem kæmu að starfinu því léttara væri fyrir alla.

Umræðum undir Önnur mál lokið.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.

Talsmaður Kjörnefndar – Svanhildur Ólafsdóttir:

2 stjórnarmenn: 2 í framboði; Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir og Björgvin Helgi Valdimarsson - skoðast réttkjörin til 2 ára.

3 í varastjórn: 3 í boði; nefndir leggur þá til í eftirtalinni röð:

1. Valgeir Guðbjartsson
2. Stefán Claessen
3. Bragi Már Bragason

Tillaga um að kjör fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ á ekki við þar sem ekki er þing fyrr en eftir 2 ár.

12. Kosnir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Tillaga um Jón Grímsson og Þórir Ingvarsson – samþykkt samhljóða

Varamenn; tillaga um Pétur Helgason og Hjalta Ástbjartsson – samþykkt samhljóða.

13. Þingslit

Þingforseti gaf Ásgrími Helga Einarssyni, formanni KLÍ orðið; ÁHE ítrekaði þakkir til Skagamanna fyrir að halda þingið; þetta þing frekar rólegt og án átaka, túlkar það

sem þroskamerki. Þakkar Hafsteini Pálssyni fyrir sín öruggu störf núna sem áður fyrir KLÍ.

Þingforseti sleit síðan þinginu og óskaði öllum góðarar heimkomu. Þingi slitið kl. 20:40